

9. febrúar kl. 8:10

Fundur skólaráðs

Mætt: Margrét Gróa (fulltrúi almennra starfsmanna), Guðbjörg (fulltrúi kennara), Jón Þór (fulltrúi foreldra), Alexander (fulltrúi grenndarsamfélags), Sigríður (fulltrúi foreldra), Þórunn og Þórhildur (skólastýrir)

Starfsáætlun

Kynnt endurskoðun á nýrri Starfsáætlun. Fundarmenn beðnir að skoða áætlun og koma með athugasemdir. Sigríður spurði um nokkur atriði sbr. starfsáætlun skólaráðs, heimasíðu, ýmis efni sem hún vildi finna á heimasíðunni sbr. öryggisáætlun, eineltisáætlun.

Kannanir

Samræmd próf hjá 9. og 10.bekk verða 7.-10.bekk. Kynnt var fyrirkomulagið.

Rætt um hvort verið sé að stytta grunnskólann, er verið að horfa á allar hliðar s.s. verkgreinar.

- Foreldrakönnun 2015-2016 – virkja tengil (senda í tölvupósti til fulltrúa foreldra í Skólaráði)

Sigríður ræddi um að séu foreldrar ekki ánægðir með skólann né bera virðingu fyrir honum getur myndast spenna og líkur á agaleysi í kjölfarið. Sigríður telur að þetta sé stórt mál sem þarf að huga að og setja fram umbótaáætlun, Hvert ætlum við að fara?

Alexander talaði um hvort hægt væri að setja upp málþing um síðustu foreldrakönnun. Fá fólk til að ræða saman um þætti til að koma með uppbyggjandi ábendingar.

Sigríður spyr hvað var gert á Skólapingi hjá börnunum fyrir ári síðan. Hvað var framkvæmt og komið til úrbóta? Þórhildur segir að niðurstöður voru kynntar sbr. Mötuneytið þar sem krakkarnir komu með athugasemdir. Sigríður kallar eftir því hvort það sjáist einhver árangur og krakkarnir upplýstir. Þetta verður komið um mánaðarmótin. ATH. Björk.

Alexander talar um hvort áhugi sé í hópnum að deila verkefnum. Þórunn, Alexander og Jón taka að sér að fara yfir foreldrakönnunina og úrbótaáætlun.

Önnur mál

Farið yfir fjölgun nemenda. Starfsfólk skóla greinir töluverða fjölgun.

Setja á heimasíðuna: Fjöldi nemenda, fjöldi starfsmanna (um skólann).

Sigríður spyr um skýrslu Árborgar um skólaþróun (sjá Skólaþræðir). Þar kemur fram hvernig farið var markvisst fram að bæta skólamálin. Keyptir voru að sérfræðingar til að halda utan um þetta verkefni. Alexander ræddi um hvort hægt væri að huga að gæslu í frímínútum út frá öðrum forsendum. Væri hægt að stytta frímínútur og setja hreyfingu inn á annan hátt.

Fundi slitið.

Þórunn Rósa Ólafsdóttir skráði fundargerð